Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1302
komudagur 15.03.2002

Skagafjörður

Aðalskrifstofa sveitarfélagsins Faxatorgi 1 • 550 Sauðárkróki • S: 455 3000 • F: 455 3029 • Netf.: krokur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr. 60077

Sauðárkróki 15.03.2002.

**Landbúnaðarnefnd Alþingis**
**Nefndarsvið Alþingis**
**Austurstræti 8 – 10**
**150 Reykjavík.**

**Málefni: Bréf Landbúnaðarnefndar Alþingis dags, 22.02.2002.**

Á fundi Umhverfis- og tækninefndar Skagafjarðar þann 6. mars síðastliðinn var tekið fyrir erindi Landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 22. febrúar 2002.

Á fundinum var eftirfarandi bókað.

“Bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis. Landbúnaðarnefnd Alþingis óskar með bréfi dagsettu 22. febrúar sl. eftir umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn landbroti, 504. mál. Nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, að öðru leyti en því að 8. grein frumvarpsins um kostnað við fyrirhleðslur er ekki skýr. Ljóst virðist að aukinn kostnaður vegna þessa flyst yfir á landeigendur.

Á fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar þann 12. mars 2002. var fundargerð Umhverfis- og tækninefndar samþykkt.

Virðingarfyllst.

Sigurður H. Ingvarsson
Fh. Skipulags og byggingarfulltrúa Skagafjarðar.

Skagafjörður
Byggingarfulltrúi